

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Atvinna.is Ráðningarþjónusta
þar sem leitin hefst

Ertu að leita fyrir haustið!
Vantar þig Starfsmann!

Atvinna.is veitir fyrirtækjum snögga og góða þjónustu
Dugguvogur 17 | 104 Reykjavík | Sími 552-9300 | netfang atvinna[at]atvinna.is

Miðvikudagur 8. ágúst 2007 – 32. tölublað – 3. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Birna Einarsdóttir hjá Glitni
Enginn nýgræðingur í bankaheiminum



Fair Trade á Íslandi
Neytendur meðvitaðri um ábyrgð sína



Baugur styrkir góðgerðarmál í Afríku
Vandinn ekki óyfistíganlegur



HÖFUÐSTÖÐVAR KAUPÞINGIS Greiningardeild Citigroup metur bréf í Kaupþingi á 1.250 krónum á hlut. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Lækka mat á Kaupþingi

Bandaríski risabankinn Citigroup hefur endurskoðað verðmat sitt á Kaupþingi og metur bréf í bankanum nú á 1.250 íslenskar krónur á hlut. Fyrri verðmat hljóðaði upp á 1.500 íslenskar krónur á hlut.

Bent er á að fjármögnunarkostnaður sé að aukast á alþjóðamörkuðum auk þess sem talsverðs óróa gæti. Þá megi búast við að dragi úr gengishagnaði á næstu misserum, og að áframhaldandi veiking krónunnar ýti enn undir áhættu á íslensku markaðnum.

Greining Citigroup telur að enn megi vænta talsverðs skammtímahagnaðar af hlutabréfum í Kaupþingi. Ólíklegt sé þó að bréf í Kaupþingi haldi áfram að hækka umfram bréf annarra fjármála fyrirtækja. - jsk

FRÉTTIR VIKUNNAR

Með fjórðung | Marel hefur eignast yfir fjórðungshlut í hollenska iðnfyrirtækinu Stork og er langstærsti hluthafinn. Markaðsvirði hlutarins nemur tæpum 33 milljörðum króna.

Jarðboranir seldar | Fjárfestingarfélagið Atorka hefur selt Jarðboranir hf. til Geysis Green Energy fyrir 14,3 milljarða króna. Hagnaður af sölunni nemur ellefu milljörðum króna.

Góður fjórðungur | Hagnaður Landsbankans á öðrum ársfjórðungi nam 12,5 milljörðum króna eftir skatta. Á fyrstu sex mánuðum ársins nam hagnaðurinn 26,3 milljörðum króna.



Yfirtaka líkleg | Exista og Kaupþing eru samtals komin með ríflega fjórðungshlut í Storebrand, næststærsta fjármála fyrirtæki Noregs. Eykur það líkurnar á því að félögin taki Storebrand.

Besti árshelmingurinn | FL hagnaðist um rúma átta milljarða króna á öðrum ársfjórðungi og um alls 23 milljarða króna á fyrri hluta ársins. Þetta er besti fyrri árshelmingurinn í sögu félagsins.

Ljúka endurfjármögnun | 365 hf. hefur lokið endurfjármögnun og er áætlað að vaxtagreiðslur lækki um sem nemur 220 milljónum króna á ári. Vaxtaberandi skuldir nema nú um sjö milljörðum.

Met slegið | Velta á öllum mörkuðum OMX nam að meðaltali 393,2 milljörðum króna á dag í júlí, og jókst um sextíu og sjö prósent á milli ára. Aldrei hefur mælst meiri velta í júlí.

Erlendir sjóðir | Á fjórða tug erlendra verðbréfasjóða með samtals um 240 sjóðsdeildir hafa tilkynnt Fjármálaeftirlitinu (FME) um fyrirhugaða markaðssetningu hér á landi.

FL tapar milljörðum á Commerzbank

Gengi þýska bankans lækkar vegna fjárfestinga í áhættusömum bandarískum skuldabréfum og nemur varúðarfærsla vegna fjárfestingarinnar sjö milljörðum.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

FL Group hefur ekki farið varhluta af mikilli ókyrrð á alþjóðlegum mörkuðum en verðmæti sex stærstu eignarhluta félagsins í skráðum hlutabréfum hefur fallið samtals um á þrettánda milljarð króna frá lokum fyrri árshelming. Markaðsvirði þessara fjárfestinga nam um 264,8 milljörðum króna eftir lokum markaða á frídegi verslunarmanna samanborið við 277,7 milljarða í lok júní.

Mest hefur lækkunin orðið á gengi bréfa í Commerzbank sem er næststærsti banki Þýskalands og önnur stærsta eignin í hlutabréfasafni FL. Bankinn hefur fallið um fjórtán prósent á þessum ársfjórðungi og má ætla að gengistapið þar sé orðið um nýu milljarðar króna á tímabilinu. Hlutabréf í Commerzbank hækkuðu talsvert í gærmorgun og dró þar með úr gengistapinu.

Hinn 30. júlí greindu forsvarsmenn Commerzbank frá því að bankinn hefði fjárfest yfir eitt hundrað milljarða króna í áhættusömum bandarískum húsnæðislánnum. Verulegt tap stórra sjóða á þessum skuldabréfum voru kveikjan að miklum lækkunum á mörkuðum þar sem fjármála fyrir-

tæki hafa komið sýnu verst út. Atburðarásin hefur dregið úr aðgengi fjárfesta að lánsfé. Fram kemur á Bloomberg-fréttaveitunni að þýski bankinn muni leggja um sjö milljarða króna til hliðar vegna mögulegs taps á fjárfestingunni.

„Við teljum að félagið sé á mjög hagstæðum kennitölum. Markaðurinn hefur, að okkar mati, ekki að öllu leyti áttað sig á viðsnúningi í rekstri bankans,“ sagði Hannes Smárason, forstjóri FL Group, á fundi með fjárfestum í síðustu viku. Hann telur óhjákvæmilegt að Commerzbank taki að einhverju leyti þátt í þeirri samþjöppun sem mun einkenna evrópskan bankamarkað á næstu misserum.

Eignarhlutur FL í AMR Corp., móðurfélagi American Airlines, heldur áfram að falla og einnig lækkar um fjórðungshlutur félagsins í Finnair. Stærsti eignarhlutur FL, sem er 138 milljarða hlutur í Glitni, hefur hins vegar hækkað um 780 milljón króna á þriðja ársfjórðungi.

Þessi lækkun á eignasafni FL endurspeglar í bréfum félagsins sem hafa lækkað um átta prósent á ársfjórðungi. Það er ríflega sautján milljarða lækkun markaðsvirðis. FL skilaði ríflega 23 milljörðum króna á fyrri hluta ársins sem var metaftakoma.

ÞRÖUN Á STÆRSTU EIGNARHLUTUM FL Á 3. ÁRSFJÓRÐUNGI

Félag	Hækkun/lækkun
Commerzbank (3,2%)	-9.062
AMR Corporation (8,3%)	-3.746
Finnair (23,4%)	-617
Royal Unibrew (24,4%)	-381
Aktiv Kapital (13,3%)	+77
Glitni (32,0%)	+780
Áætlað gengistap	-12.948

Bankarnir horfi til eignagæða

„Hálfsársuppgjör bankanna sýna að rekstur þeirra er almennt í góðu horfi og tekjurnar verður sífellt dreifðari,“ segir Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins (FME). Hann segir bankana þurfa að gæta að kostnaðarhlutföllum, sem fari hækkanandi og bendir á að arðsemi eigin fjár sé lægri en á árinu 2006.

Jónas segir að arðsemi viðskiptabankanna þriggja verði að teljast mjög góð, en á fyrri helmingi ársins liggur hún á bilinu 22 til 39 prósent. „Ef lítið er sérstaklega á arðsemi eiginfjár fyrir skatta án geng-

ishagnaðar og óreglulegra tekna þá liggur hún á bilinu 15 til 19 prósent.“ Þá segir hann eiginfjárhlutföll þeirra eru á bilinu 12,5 til 13,4 prósent. Þar af er eiginfjárþáttur A (eða Tier 1) 9,3 til 11,1 prósent. „Hvorutvegga er mikilvægt fyrir bankana í ljósi hræringa á mörkuðum og möguleika til aukinnar útrásar,“ segir hann.

Þá segir forstjóri Fjármálaeftirlitsins einnig eftirtektarvert að vaxandi hlutfall tekna megi rekja til erlendra starfsemi bankanna, eða um 54 prósent. „Innlán hafa

einnig verið að aukast sem hlutfall af heildarútlánnum sem styrkir fjármögnun þeirra. Í lok júní 2007 voru innlán sem hlutfall af útlánnum 51 prósent samanborið við 34 prósent í lok ársins 2006,“ segir hann og bætir við að einnig hafi hægt verulega á útlánvexti bankanna. „En í ljósi aukinna alþjóðlegra umsvifa og mikils útlánvaxtar síðustu ár þurfa bankarnir að sýna árvekni varðandi gæði eigna. Þá er mikilvægt að þeir hugi vel að samþættingu rekstrareininga í nýjum löndum.“

- óká / Sjá einnig fréttaskýringu síðu 6

TrackWell
FORÐASTÝRING

Tíma- og verkskráning fyrir starfsmenn og tæki

www.trackwell.com

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 14,0%*

GBP 7,0%*

USD 5,1%*

EUR 4,4%*

CAD 4,3%*

DKK 5,4%*

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útböðslýsingar og útdráttar úr útböðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnvöxtun á ársgrundvelli frá 1. júlí - 31. júlí 2007.

GENGISÞRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	3,08%	38,76%
Bakkavör	1,06%	7,04%
Exista	-3,20%	61,56%
FL Group	-1,45%	6,27%
Glitnir	-0,85%	25,54%
Eimskipafélagið	2,90%	25,69%
Icelandair	-0,35%	4,35%
Kaupþing	-2,87%	40,90%
Landsbankinn	1,79%	49,81%
Mosaic Fashions	0,00%	12,42%
Straumur	-0,95%	19,83%
Teymi	0,18%	3,89%
Össur	0,93%	-3,98%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Beðið er viðbragða Candover

Verð hlutabréfa í hollenska iðnfyrirtækinu Stork N.V. hækkaði á föstudag og fyrrpart þessarar viku. Dagslokaverð á mánudag var 48,6 evrur á hlut, 3,4 prósentum yfir væntanlegu yfirtökutilboði breska fjárfestingasjóðsins Candover. Í gær var verð bréfa-anna nálægt 48 evrum.

Hækkunin er sögð til komin vegna vangaveltna um hvort breski fjárfestingasjóðurinn annaðhvort hækki tilboð sitt í samstæðuna eða sætti sig við lægri eignarhlut en 80 prósent, en við þau mörk er línan dregin í tilboðsdrögunum sem stjórn Stork hefur

þegar mælt með.

Marel, sem hefur hug á að kaupa Stork Food Systems matvælavinnsluvélahluta samstæðunnar, ræður hins vegar yfir rúmum 25 prósentum í gegn um eignarhaldsfélagið LME, sem Marel á með Landsbankanum og Eyri Invest.

Yfirtökudrögin sem Candover hefur lagt fram hljóða upp á 47 evrur á hlut, sem jafngildir boði upp á 1,5 milljónir evra fyrir Stork. Financial Times hefur eftir heimildum innan Candover að félagið ætli ekki að draga sig í hlé í slagnum um samstæðuna. Enn hafa engin viðbrögð verið gefin við



MÆLIBÚNAÐUR FRÁ MAREL Marel hefur hug á að verða stærsta matvælavinnsluvélaframtæki heims með samruna við Stork Food Systems.

auknum eignarhlut Marel í Stork, hvorki af hálfu Stork né Candover. Vegna fyrri yfirlýsinga um að sjóðurinn hyggist ekki skipta félaginu upp er talið ólíklegt að Candover fallist á að selja Stork Food Systems til Marel. - ók

FME í Dubai

Fjármálaeftirlitið skrifaði á sunnudag undir samning um samstarf við fjármálaeftirlitið í Dubai (DFSA).

Jónas Fr. Jónsson, forstjóri FME, segir samninginn endurspeglar alþjóðavæðingu fjármála-geirans hér. „Sú staðreynd að íslensk fjármálaframtækni horfa í vaxandi mæli til markaða utan EES-svæðisins gerir auknar kröfur til FME,“ segir hann. David Knott, forstjóri DFSA, fagnar samstarfinu og segir FME meðal eftirlitsstofnana sem séu í fararbroddi við að koma á og fylgja eftir „bestu starfsháttum við fjármálaeftirlit í heiminum“. - ók

Sænska sumarveðrið kemur sér vel

Sænska ferðaskrifstofukeðjan Ticket skilaði fjórðungi meiri hagnaði á fyrri hluta ársins samanborið við 2006 og jókst sala um 44 prósent á milli ára. Hagnaður félagsins eftir skatta nam um 220 milljónum króna og velti félagið nærri 24 milljörðum króna.

Á öðrum ársfjórðungi hagnaðist félagið um sextíu milljarða króna en rekstur félagsins stendur jafnan og fellur með fyrsta ársfjórðungi. Hins vegar er talið líklegt að slakt veður í Svíþjóð í sumar muni hafa jákvæð áhrif



MATTHÍAS PÁLL ÍMSLAND Boðar innri og ytri vöxt Tickets.

á afkomu ferðabjónustuaðila sem Ticket út árið.

Matthías Páll Ímsland, stjórnarformaður Ticket, segir að þetta sé besta uppgjör félagsins hingað til. „Viðsnúningur á rekstri Ticket hefur verið gríðarlega góður og við erum ánægðir með þann árangur hefur náðst. Vöxtur félagsins verður með

uppkaupum og áframhaldandi innri vexti.“

Stærsti hluthafinn í Ticket er NTH Holding sem er í eigu Fons, FL Group og Sunds. - eþa

Segir Saks glugga inn í Bandaríkin

Baugur skoðar fjárfestingarkosti í Bandaríkjunum. Hlutabréf í Saks hafa lækkað um 14 prósent frá kaupum Baugs.

Jón Skaftason
skrifar

„Við höfum fjárfest mikið í stórverslunum vegna þess að þær veita okkur og okkar vörumerkjum mjög gott aðgengi að mörkuðum,“ segir Jón Ásgeir Jóhannesson, starfandi stjórnarformaður Baugs, en félagið keypti á dögunum 8,1 prósent hlut í bandarísku stórverslanakeðjunni Saks fyrir um fimmtán milljarða króna.

Jón Ásgeir segir það ekkert launungarmál að Baugur skoði gaumgæfilega ýmsa fjárfestingarkosti í Bandaríkjunum. Baugur hafi komið sér vel fyrir á Bretlandi og að stefnt sé að frekari landvinninum þar, hins vegar sé líklegt að minni áhersla verði lögð á Norðurlandamarkaðina en áður.

„Við erum komin með vel þróaðan markað í Bretlandi og næsta spurning er hvornig við getum tekið okkar tuttugu og fimm vörumerki og gert þau alþjóðleg. Það eru margir markaðir að opnast; til að mynda Rússland, Kína, Indland og Austurlönd nær. Síðan eru gríðarleg tækifæri fyrir ný og fersk vörumerki í Bandaríkjunum.“

Jón Ásgeir segist trúa því að viðskipti gegnum netið verði í framtíðinni mun umfangsmeiri heldur en nú er, og spáir því að eftir tvö til þrjú ár komi tíu prósent tekna Baugs gegnum vefinn. Hann telur stórverslanirnar mikilvægar í þeirri þróun; viðskiptavinirnir muni hvaða vörumerki megi fá í stórverslunum og geti síðan gengið að þeim gegnum netverslanir. „Til að skapa alþjóðlegt vörumerki þarf að kynna það. Fólk þarf að þekkja vörumerkið og geta gengið að því á vefnum. Það tekur kannski fjögur til fimm ár að opna sjötíu til átíu verslanir í Bandaríkjunum. Með því að komast inn í stórverslanirnar má ná sömu útbreiðslu á einu hausti.“

Saks er ein þekktasta verslanakeðja Bandaríkjanna og rekur fimmtíu og fjórar stórverslanir víðsvegar um Bandaríkin, þá þekktustu við Fimmta breiðstræti á Manhattan. „Við hugsum þetta sem innkomu inn á markaðinn. Saks er frábær gluggi inn í Bandaríkin fyrir okkar vörumerki,“ segir Jón Ásgeir Jóhannesson.

Bréf í Saks standa nú í rétt tæpum níttján Bandaríkjadöllum á hlut í Kauphöllinni í New York, og hafa lækkað um tæp fjórtán prósent frá kaupum Baugs.

365 ekki afskráð

Hvorki stendur til að taka 365 úr kauphöll né að leggja niður fréttastofu Stöðvar 2.

Fjölmiðlafyrirtækið 365 verður ekki afskráð úr Kauphöll Íslands né stendur til að leggja niður fréttastofu Stöðvar 2, að sögn Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, starfandi stjórnarformanns Baugs, og stjórnarformanns 365.

Getgátur hafa verið uppi á markaði og í fjölmiðlum um að 365 yrði afskráð nú á haustdögum. Þá hefur því verið haldið fram að loka eigi fréttastofu Stöðvar 2 til að létta á rekstrinum, enda um dýra rekstrareiningu að ræða. Jón Ásgeir þvertekur hins vegar fyrir að slíkar



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON, STJÓRNARFORMAÐUR 365 Getgátur hafa verið uppi um að taka eigi 365 af markaði og leggja niður fréttastofu Stöðvar 2. Jón Ásgeir segir enga stoð fyrir slíkum vangaveltum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

hugmyndir séu til umræðu „Það er ekki á dagskrá að taka 365 af markaði. Fréttastofa Stöðvar 2 verður heldur ekki lögð niður,“ sagði Jón Ásgeir.

Hlutabréf í 365 hafa lækkað um tæp þrjátíu og fimm prósent það sem af er ári, þótt viðsnúningur hafi orðið á rekstrinum frá því í fyrra. 365 tapaði 35 milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi, en tap á sama tímabili árið 2006 nam 441 milljón króna.

365 er útgáfufélag Markaðarins. -jsk

Viðskiptaráð kallar á endurskoðun

Viðskiptaráð Íslands telur brýnt að taka lagaumhverfi og fyrirkomulag sparissjóðakerfisins til endurskoðunar. Í nýju álitni er endurskoðun talin nauðsynleg ætli stjórnvöld sér að „tryggja vöxt og viðgang sparissjóðakerfisins, styrkja byggðir sem sjóðirnir tilheyra og varðveita hagsmuni stofnfjáraðila“.

Núverandi fyrirkomulag er ekki til þess fallið að stuðla að frekari framþróun sjóðanna, að mati Viðskiptaráðs, þar sem samkeppnisstaða þeirra sé veik gagnvart

bönkunum, gagnsæi og lagaumhverfi óhagfellt um leið og eignarhald og ráðstöfunarréttur sjóðanna væri óskýr.

Frosti Ólafsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs, segir að í nútímavæðingu sparissjóðanna sé annars vegar umdeilt hvornig ráðstafa skuli því hlutfalli eigin fjár þeirra sem heyri undir varassjóði og hins vegar telji margir að sparissjóðirnir hafi ákveðið samfélagslegt hlutverk sem ekki verði sinnt í hlutafélagiformi. „Hvað bæði málin varðar er mikilvægt að hafa í

huga að þau byggja á þeirri forsendu að sparissjóðakerfið haldi áfram að vaxa og dafna undir núverandi kerfi. Það mun verða verulega erfitt þar sem sjóðirnir standa halloka í samkeppni við önnur fjármálaframtækni,“ segir hann og bendir um leið á að ekkert komi í veg fyrir að hlutafélag hafi önnur markmið með starfsemi sinni en hámarks hagnaðar. „Sú góðvild sem sparissjóðirnir hafa þegar byggt sér telst vafalítið til verðmæta og því óþarfi að ætla að hróflað verði við því.“ - ók

Einfalt mál

EINA VIÐSKIPTABLAÐIÐ SEM ÞÚ ÞARFT



Með Fréttablaðinu alla miðvikudaga



Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2



Markaðurinn á Vísi alla daga



VIÐSKIPTAFRÉTTIR
ALLA DAGA VIKUNNAR



HTC Touch

Fyrsti lófatölvusíminn með TouchFLO™ snertiskjá



- Háþróaður snertiskjár, TouchFLO™
- Þú stjórnar öllum aðgerðum á skjánum með fingrunum
- Windows Mobile® 6.0 Professional
- Minnsta lófatölvan frá HTC
- Stereo Bluetooth® 2.0
- 200 MHz örgjörvi
- Wi-Fi þráðlaust net (hot-spot)
- GPRS/EGDE háhraða gagnaflutningur
- Samhæfir með ActiveSync við Exchange netþjón 2003 og 2007
- 2,0 megapixla myndavél
- Microsoft Office Mobile (Excel, Word, PowerPoint, PDF)



HTC Touch - stjórnaðu með fingrunum.

Ríkasti maður í heimi

Mexíkóski auðjofurinn Carlos Slim hefur steypt Bill Gates, stofnanda Microsoft, úr stóli ríkasta manns heims. Þetta sýnir samantekt tímaritsins Fortune.

Samkvæmt Fortune er virði eigna Carlos Slim um 59 milljarðar Bandaríkjadala en eignir Bill Gates eru metnar á 58 milljarða dala. Þær upphæðir nema 3.691 og 3.628 milljörðum íslenskra króna. Til samanburðar voru eignir Björgólfs Thors Björgólfssonar, efnadasta manns Íslands, metnar á



CARLOS SLIM hefur steypt Bill Gates, stofnanda Microsoft, úr stóli ríkasta manns heims.

um 3,5 milljarða Bandaríkjadali í síðustu úttekt tímaritsins Forbes yfir ríkustu menn heims. Það eru tæpir 220 milljarðar króna.

Hinn almenni Mexíkói kemst varla hjá því að versla við fyrirtæki í eigu Carlosar því þriðjungur skráðra fyrirtækja í mexíkósku kauphöllinni eru í hans eigu. Meðal þeirra er 30 prósent hlutur í farsímarísanum América Movil, 82 prósent hlutur í Carso Global Telecom og 75 prósent í iðnaðarsamsteypunni Grupo Carso. - hhs

Nýjar hugmyndir Nokia frá Indlandi

Nemendur hönnunarskólans Srish-ti School of Art í Bangalore á Indlandi munu í framtíðinni vinna með Nokia að nýjum hugmyndum fyrir farsímarísan. Fyrirtækið hefur samið við stjórnendur skólans um að koma upp hönnunarveri í samstarfi við skólann. Í viðtali við BBC sagði yfirhönnuður Nokia, Alastair Curtis, indverska hönnuði meðal þeirra hæfileikaríkustu í heiminum. Með opnum versins eigi að ýta frekar undir skilning starfsfólks fyrirtækisins á landinu og margbreytileika þess.

Eins og önnur fyrirtæki á farsímaákaði vill Nokia koma sér



BREYTTIR TÍMAR Kona í hjólastól keyrir framhjá farsímaauglýsingu í Deli, höfuðborg Indlands. Indverski farsímaákaðurinn er sá þriðji stærsti í heimi, á eftir Bandaríkjunum og Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

tryggilega fyrir á Indlandi, þriðja stærsta farsímaákaði heims á eftir Bandaríkjunum og Kína. Talið er að nú séu um 130 milljón farsímanotendur í Indlandi og þeir verði um 200 milljónir í lok þessa árs.

Indversk símafyrirtæki njóta góðs af byltingunni, eins og ársfjórðungsuppgjör Bharti, eins stærsta símafyrirtækis landsins, ber með sér. Fyrirtækið, sem hefur um 23,5 prósent markaðshlutdeild, skilaði 15,1 milljarði rúpía, tæpum 24 milljörðum króna, hagnaði á öðrum ársfjórðungi. Viðskiptavinum fyrirtækisins fjölgaði um 82 prósent á tímabilinu. - hhs

200.000 dollara seðill kominn í umferð

Tvö hundruð þúsund dollara seðill er kominn í umferð í Afríkuríkinu Simbabwe. Með seðlinum er hægt að kaupa um eitt kíló af sykri samkvæmt frétt á vef BBC.

Hvergi í heiminum mælist hærrí verðbólga en í Simbabwe. Samkvæmt síðustu mælingum var hún 4.500 prósent. Brauðhleifur í dag kostar því fimmtíu sinnum meira en fyrir einu ári síðan.

Efnahagsástandið í Simbabwe verður alvarlegra með hverjum deginum sem líður. Þar er meðal annars áttatíu prósent atvinnuleysi og meira en 25 prósent mannfjöldans þurfa á matvælaaðstoð að halda.



NÝR SEÐILL Fyrir nýja 200 þúsund dollara seðilinn í Simbabwe er hægt að kaupa eitt kíló af sykri. MARKAÐURINN/AFP

Margir kenna Mugabe, forseta landsins, um ástandið fyrir slæga stjórn efnahagsmála. Hann hins vegar skellir skuldinni á alþjóðasamfélagið sem hann segir hafa blandað sér í málefni landsins, því til óheilla. - hhs

Grand Theft Auto veldur vandræðum

Hlutabréf í Take-Two Interactive Software, framleiðanda hins geysivinsæla tölvuleiks Grand Theft Auto, féllu um sextán prósent eftir að út barst að seinkun yrði á nýjstu útgáfu leiksins.

Í tilkynningu frá félaginu kom fram að afkoma félagsins á árinu yrði fyrir vikið neikvæð. Leikurinn átti upphaflega að koma út í október og fylla jólapakka allra þeirra fjölmargra aðáenda hans, sem kunna vel að



meta hraðann, ofbeldið og eróíkina sem hann einkennir. Nú er hans ekki að vænta fyrir en um mitt ár 2008.

Áfallið kemur ekki á góðum tíma fyrir Take-Two sem á nokkur brósótt ár að baki. Meðal annars hefur afkoma félagsins ítrekað valdið vonbrigðum. Þá hafa deilur logað um innihald leiksins. Fyrir á þessu ári var framkvæmdastjóra og mörgum af æðstu stjórnendum félagsins vikið frá störfum. Nýlega var svo tilkynnt að störfum yrði fækkað í því miði að draga úr kostnaði félagsins. - hhs

Látlausar hækkningar á bresku húsnæðisverði

Allt stefnir í að meðalverð íbúðarhúsnæðis í Englandi fari yfir þrjú hundruð þúsund pund á næstu fimm árum. Miklar verðhækkningar gera venjulegu fólki erfitt um vik að kaupa eigið húsnæði og eftirspurn eftir félagslegu húsnæði eykst.

Hólfríður Helga Sigurðardóttir
skrifar


Ekkert lát virðist ætla að verða á verðhækkunum á húsnæði í Englandi. Samkvæmt nýrri rannsókn Bresku húsnæðisstofnunarinnar (National Housing Federation) bendir allt til þess að meðalverð húsnæðis í Englandi muni fara yfir þrjú hundruð þúsund pundin á næstu fimm árum. Það nemur um 38,5 milljónum íslenskra króna. Frá þessu segir í frétt á vef BBC.

Meðalverð íbúða í London er þegar um 318 þúsund pund. Samkvæmt könnuninni mun meðalverð íbúða þar ná hálfri milljón fyrir árið 2012 ef fram heldur sem horfir. Það eru um 64 milljónir króna. Verðhækkningar ná einnig til svæða sem hingað til hafa talist ódýr, eins og norðvesturhluti landsins og Yorkshire-sýsla. Þar er búist við að tvö hundruð þúsund punda múrinn verði rofinn innan fimm ára.

Á síðastliðnum tíu árum hefur húsnæðisverð hækkað um 156 prósent í Englandi. Á sama tíma hafa laun ekki hækkað nema um 35 prósent. Þessar miklu verðhækkningar gera venjulegu fólki sífellt erfiðara um vik að eignast eigið húsnæði. Bresk stjórnvöld hafa lofað að byggja þrjár milljónir nýrra heimila fyrir árið 2020. Stofnunin hvetur nú stjórnvöld eindregið til að standa við þau orð, til að koma í veg fyrir yfirvofandi kreppu á markaðnum. Til þess að svo megi verða segja þau brýna nauðsyn til að koma upp að minnsta kosti sjöttu þúsund nýjum heimilum á hverju ári.

Í beinu samhengi við verðhækkningar hefur eftirspurn eftir félagslegu húsnæði aukist. Hún hefur aukist um 57 prósent á síðustu fimm árum. Nú eru um fjórar milljónir manna á bíðlistum eftir slíku húsnæði í Englandi.

Samkvæmt rannsókninni er meðalverðið nú þegar



LÍF Í LONDON Það er ekki fyrir hvern sem er að koma sér upp húsnæði í London. Kannanir benda til þess að meðalverð íbúða þar muni fara yfir hálf milljón punda á næstu fimm árum. Það eru rúmar 64 milljónir íslenskra króna.

ellefu sinnum hærra en meðalárslaun bresks launafólks. Samkvæmt höfundum hennar er ástæða til að ætla að það muni enn vaxa hratt þar sem eftirspurn er töluvert meiri en framboðið um þessar mundir. Ekki eru þó allir á því að verð muni halda áfram að hækka. Telja sumir sérfræðingar að hækkandi stýrivextir og fjölgun tilfella þar sem kaupendur hafi misst eignir sínar eftir að hafa ekki getað staðið í skilum muni jafnvel leiða til verðlækkana á markaðnum.

Auglýsingasími

5125050



- Mest lesið



allir litir náttúrunnar eru okkar litir

HJÖRVI er meira en bara þakmálning
...hentar vel á tré og málma, heldur gljáanum



Hjörvi er ekki bara þakmálning heldur hentar hann vel á allt tréverk, galvanhúðað járn, litaðar járnklæðningar, ál og aðra léttmálma, bæði við ný- og endurmálun.

Hjörvi er vatnsþynnaleg akrýlplastþeytumálning sem heldur lit og gljáa sérlega vel, er auðveld í notkun og fljótþornandi. Inniheldur efni til varnar gróðurmyndun.

Komið og leitið ráða hjá sérfræðingum okkar eða fáid góð ráð og lausnir á heimasíðunni, www.slippfelagid.is.



Viðskiptabankarnir vaxa á öllum sviðum

Hreinar rekstrartekjur bankanna fóru alls í fyrsta skipti yfir 100 milljarða króna á síðasta ársfjórðungi. Fyrirtækjaverkefni erlendis og auknar vaxtatekjur vegna verðbólgu skila drjúgum tekjum en rekstrarkostnaður vex einnig hröðum skrefum. Jafet Ólafsson sagði *Eggerti Þór Aðalsteinssyni* að aukinn rekstrarkostnað megi m.a. skýra með samkeppni fjármálafyrirtækja um besta fólkið.

Ó hætt er að segja að uppgjör stóru fjármálafyrirtækjanna hafi almennt komið töluvert betur út en væntingar stóðu til. Samanlagður hagnaður viðskiptabankanna nam 89,6 milljörðum króna á fyrri hluta ársins og var arðsemi þeirra á bilinu 24-39 prósent. Að viðbættum hagnaði fjármálafyrirtækjanna Existu og Straums var hagnaður alls 177 milljarðar króna sem er tvöfalt meiri hagnaður en árið áður.

Þetta hefur þó ekki dugað til að hækka bréf bankanna sem hafa fallið á síðustu dögum samfara lækkuð á erlendum hlutabréfamörkuðum og gengislækkuð krónunnar.

Jafet Ólafsson, einn kunnasti fjárfestir landsins, segir það vera sammerkt með öllum uppgjörunum að þau eru mjög góð. „Allir bankarnir skila góðri arðsemi. Við erum að sjá vöxt á bilinu 30-40 prósent á milli ára sem er mikið og nú kemur nánast allur vöxtur bankanna erlendis frá.“ Honum finnst ánægjulegt að sjá að kostnaðarhlutfallið hjá þeim er að lækka þrátt fyrir að aukin umsvif kalli á meiri rekstrarkostnað eins og sést á launatölum bankanna.

ALLIR FYRIR OFAN SPÁR

Kaupþing skilaði mestum hagnaði viðskiptabankanna á fyrri ársþingi og nam hagnaður bankans um 46 milljörðum króna, þar af rúmum 26 milljörðum á öðrum ársfjórðungi. Sá fjórðungur var sá næstbesti í sögu félagsins. Uppgjörið var töluvert fyrir ofan spár innlendra og erlendra markaðsaðila en meðaltalshagnaður þeirra fyrir annan ársfjórðung hljóðaði upp á 20,9 milljarða króna.

Landsbankinn var með mjög gott uppgjör á öðrum ársfjórðungi sem var vel umfram spár greiningardeilda Glitnis og Kaupþings. Alls hagnaðist bankinn um 12,5 milljarða og um 26,3 milljarða á fyrstu sex mánuðum ársins.

Glitnir skilaði um 16,5 milljörðum króna í hús á fyrri hluta ársins, þar af um 9,5 milljörðum á öðrum ársfjórðungi sem er

annar besti fjórðungurinn í sögu bankans. Þetta uppgjör var töluvert fyrir ofan spár greinenda þriggja banka.

TEKJUR NÁLÆGT 200 MILLJÖRÐUM

Tvennt vekur athygli við uppgjör bankanna. Annars vegar mikill vöxtur í grunntekjum bankanna bæði milli ára og frá fyrsta ársfjórðungi 2007, og svo hins vegar mikil aukning rekstrarkostnaðar, einkum launakostnaðar.

Samanlagðar hreinar rekstrartekjur viðskiptabankanna þriggja voru 196 milljarðar króna og jukust um 47,8 milljarða króna á milli ára eða rétt tæpan þriðjung. Aukningin var enn meiri þegar annar ársfjórðungur er borinn saman við árið áður. Heildartekjur bankanna á öðrum ársfjórðungi voru yfir 104 milljarðar króna sem er ríflega helmingisaukning á milli ára. Það hefur aldrei áður gerst að samanlagðar rekstrartekjur bankanna hafi farið yfir eitt hundrað milljarða á einum ársfjórðungi.

Hreinar vaxtatekjur voru um 78 milljarðar króna og jukust um tæp sautján prósent á milli ára. Á öðrum ársfjórðungi voru þær um 43 milljarðar króna og má glögg sjá að aukin verðbólga á síðasta ársfjórðungi skilar töluverðum vexti milli fjórðunga en bankarnir eiga meiri verðtryggðar eignir en skuldir. Hlutfall hreinna vaxtatekna var alls um fjórutíu prósent af heildartekjum viðskiptabankanna.

Jafet bendir á að grunntekjur bankanna, það eru hreinar vaxta- og þóknunartekjur, eru traustar og telur hann að stjórnendur bankanna hafi unnið heimavinnuna vel. „Þetta er afleiðing af því sem gerðist í fyrri þegar bankarnir voru gagnrýndir fyrir það að vera of háðir söluhagnaði af skuldabréfum og hlutabréfum.“

ÞÓKNUNARTEKJUR VAXTARBRODDUR

Mesti vaxtarbroddur bankanna liggur sem fyrr í þóknunartekjum. Þær voru 63,2 milljarðar króna á fyrri hluta ársins, sem er hátt í helmingisaukning frá fyrri ársþingi 2006. Á öðrum ársfjórðungi voru þær 33,8 milljarðar og var aukningin um

fimmtán prósent á milli fyrsta og annars ársfjórðungs. Hreinar þóknunartekjur námu rúmum 32 prósentum af heildartekjum bankanna. „Ég held að fyrirtæki séu að greiða þessar þóknunartekjur að langstærstum hluta. Þetta eru þóknunartekjur út af sölu fyrirtækja, fyrirtækjasamrunum og lántökugjöldum,“ bendir Jafet á.

Undir aðrar tekjur flokkast meðal annars gengishagnaður af verðbréfaeign og arðstekjur. Bankarnir tóku um 54,6 milljarða í slíkar tekjur á fyrri hluta ársins samanborið við 38,5 milljarða króna í fyrra. Þótt þarna sé um að ræða aukningu upp á fjórutíu prósent á milli ára vegur þessi liður hlutfallslega minnst í heildartekjum bankanna, eða um 27,5 prósent af tekjukökunni. Aðrar tekjur stóðu nær í stað milli fyrsta og annars ársfjórðungs.

SAMKEPPNIN EYKUR LAUNAKOSTNAÐ

Rekstrar- og launakostnaður bankanna vex hratt og jókst um sex milljarða króna á milli fyrsta og annars ársfjórðungs. Alls námu heildargjöld 83,6 milljörðum króna eða um 42,7 prósent af hreinu rekstrartekjum. Rekstrarkostnaður var 32,4 milljarðar en launakostnaður yfir 51 milljarðar. Launakostnaður á öðrum ársfjórðungi var 27,8 milljarðar króna og jókst um tæpan fimmtung frá fyrsta ársfjórðungi og um rúman helming frá sama tíma í fyrra.

Jafet segir að veruleg aukning á starfsmannafjölda bankanna skýri vaxandi kostnað launa og tengdra gjalda. Því til viðbótar er mikil samkeppni milli fjármálafyrirtækja um besta fólkið í geiranum. „Þetta er eins og í enska boltanum. Launakostnaður hefur farið mjög upp á við þegar verið er að keppast um besta starfsfólkið.“ Honum þótti eftirtektarvert að sjá hvað launakostnaður Glitnis jókst á milli ársfjórðunga án þess að haldbærar skýringar hafi legið fyrir því.

LÍTIL GENGISÁHÆTTA

Bankarnir hafa verið að lækka um 3-7 prósent frá því að hlutabréfamarkaðurinn komst í hæstu hæðir um miðjan júlí. Exista og Straumur hafa lækkað enn meira. Jafet telur að bankarnir séu almennt vel í stakk búnir fyrir framhaldið þrátt fyrir dýfur á hlutabréfamörkuðum. Stærsti óvissuþátturinn liggur sennilega í þróun krónunnar og hvaða áhrif hún hefur á þróun hlutabréfamarkaðarins á Íslandi. Spurður um áhrif veikingar krónunnar á afkomu fjármálafyrirtækja segir hann að þau ættu ekki að vera mikil, enda er lítil gengisáhætta í rekstri þeirra. Það sem bankarnir fá inn í erlendri mynt lána þeir út í erlendri mynt.

Jafet býður spennur eftir næstu leikjum íslenskra fjármálafyrirtækja. „Það sem verður kannski mest spennandi að sjá á seinni hluta ársins, er hvernig líður frekari samruna sparísjóða. Eigum við von á frekari skipulagsbreytingum hjá Glitni? Svo verður spennandi að fylgjast með glímu Kaupþings við Storebrand og ég býst við frekari fréttum af Nordea með haustinu.“



LÁRUS WELDING Glitnir skilaði 9,5 milljörðum á öðrum ársfjórðungi. Grunntekjur bankans jukust um 22 prósent frá fyrsta ársfjórðungi.



HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON Rekstrartekjur Kaupþings á öðrum ársfjórðungi voru 51,8 milljarðar og jukust um 67 prósent á milli ára.




SIGURJÓN Þ. ÁRNASON Landsbankinn skilaði hæstri arðsemi viðskiptabankanna á fyrri hluta ársins. Grunntekjur bankans jukust um 21 prósent á milli ára.

STÆRRI EN SUMAR AF HÆSTU HAGTÖLUM

- Viðskiptabankarnir þrír högnuðust um 89,6 milljarða króna á fyrri hluta ársins. Í fjárlögum 2007 er gert ráð fyrir að skatttekjur ríkisins af einstaklingum nemi um 94,6 milljörðum króna.
- Hreinar vaxtatekjur bankanna á fyrri hluta ársins fóru yfir 78 milljarða króna. Aflaverðmæti íslenskra skípa nam 76 milljörðum króna í fyrri samkvæmt tölum Hagstofunnar.
- Eigið fé bankanna var 636 milljarðar í lok júní sem er eins og heildarmat allra fasteigna í Kópavogi og Hafnarfirði um síðustu áramót.
- Heildartekjur viðskiptabankanna á öðrum ársfjórðungi voru yfir 104 milljarðar króna sem er meira en samanlagt markaðsvirði Alfesca, Atorku og Marels.
- Hreinar rekstrartekjur bankanna voru rétt um 196 milljarðar króna á fyrri hluta ársins. Það er 36 milljörðum meira en sem nam tekjum ríkisins af fjármagnstekjuskatti einstaklinga vegna tekna 2006.
- Bankarnir greiddu 51,2 milljarða króna í laun og tengd gjöld á fyrri hluta ársins. Til samanturðar er kostnaður vegna jarðganga til Vestmannaeyja áætlaður um 50-80 milljarðar króna.
- Heildareignir viðskiptabankanna voru 9.500 milljarðar króna í lok júní. Það er um sexfaldar hreinar eignir líffeyrissjóðanna um þessar mundir.

Hvernig skiptast hreinar rekstrartekjur viðskiptabankanna?



SAMANBURÐUR Á VIÐSKIPTABÖNKUNUM Á FYRRI HLUTA ÁRSINS (Í MILLJÖRÐUM KRÓNA)

	Hagnaður 2007	Hagnaður 2006	Breyting	Arðsemi eigin fjár	Hreinar vaxtatekjur	Hreinar þóknunartekjur	Aðrar tekjur	Hreinar rekstrartekjur	Rekstrarkostnaður	Laun	Heildareignir
Glitnir	16,5	20,1	-18%	24,2%	17,6	16,2	7,6	41,4	8,8	11,9	2.335
Kaupþing	46,8	32,3	45%	32,0%	36,1	27,5	32,2	95,8	14,4	22,4	4.570
Landsbankinn	26,3	20,4	29%	39,3%	24,4	19,5	14,8	58,7	9,2	16,9	2.597
Alls	89,6	72,8	23%		78,1	63,2	54,6	195,9	32,4	51,2	9.502

HVENÆR SEM ER

Upplýsingar af fjármálamarkaðnum í símann þinn með því að tengjast <http://m.mentis.is>

© Mentis 2007

mentis HUGBÚNAÐUR

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI
á <http://m.mentis.is>

MARKAÐSVAKTIN
mobile



KERTO LÍMTRÉ

Finnsk gæðavara

Létt og meðfærileg

Hátt brunapol

Hæð eftir óskum

Lengd allt að 23 m.

Alltaf til á lager

16% meira eldþol

20% meira brotþol

**KERTO LÍMTRÉ getur
sparað verulega fjármuni.
Leitið tilboða**



Söluaðilar um allt land



HÚSASMÍÐJAN

KERTO LÍMTRÉ býður upp á ýmsa möguleika.

KERTO LÍMTRÉ er frá Finnlandi og hefur verið á markaði á Íslandi frá árinu 1981.

KERTO LÍMTRÉ er það hagkvæmasta og besta sem notað er sem burðarbitar.

KERTO LÍMTRÉ getur sparað verulega fjármuni í burðarvirki þar sem þaksperrur fara yfir 5 metra í lengd, þá er notað KERTO LÍMTRÉ í stað hefðbundinna þaksperra og losnað við burðarbita og súlur.

Einnig er KERTO notað í milliveggjastoðir.

KERTO LÍMTRÉ, eitt það besta í tré, til nýbygginga og viðhalds.

Neytendur meðvitaðri um ábyrgð sína

Mæðgurnar **Arndís Harpa Einarsdóttir** og **Ásdís Ósk Einarsdóttir** opnuðu nýverið fyrstu Fair Trade-verslunina á Íslandi við Klapparstíg. *Jón Skaftason* spjallaði við Ásdísi sem segir ekki um góðgerðarstarfsemi að ræða, þótt gróðasjónarmið ráði ef til vill för í minna mæli en hjá flestum fyrirtækjum.



ÁSDÍS ÓSK EINARSDÓTTIR MEÐ FAIR TRADE-VARNING Í BAKGRUNNI Þrátt fyrir að Fair Trade-verslunin sé ekki rekin með hefðbundnum áherslum hefur Ásdís engar áhyggjur. „Það kom hingað kona um daginn og keypti alveg heilan helling. Konan sagðist vera að kaupa jólagjafir um hásumarið, vegna þess að hún væri hrædd um að við yrðum ekki hérna um jólin. Ég hef enga trú á því að konan reynist sannspá.“
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fair Trade nefnist alþjóðleg hreyfing sem hefur það markmið að tryggja að framleiðendur í þriðja heiminum fái sanngjarnt verð fyrir varning sinn. Raunar er um net samtaka að ræða; bæði alþjóðleg og staðbundin. Til að mynda eru sérstök Fair Trade-samtök í flestum Evrópulöndum, auk þess sem hreyfingin er áberandi í Bandaríkjunum. Þá eru einnig starfrækt sérstök alþjóðleg regnhlífarsamtök, á borð við Fairtrade Labelling Organization International, sem sér um að merkja varning og staðfesta þannig að hann uppfylli skilyrði um sanngjörn viðskipti. Þá má nefna IFAT, alþjóðleg samtök um Fair Trade, sem ætlað er að vera samráðsvettvangur þeirra sem starfa innan Fair Trade-hreyfingarinnar.

Margir Íslendingar hafa rekist á Fair Trade-varning á ferðum sínum erlendis og jafnvel í

stórmörkuðum hérlendis. Þá hefur Hjálparstofnun kirkjunnar lengi flutt inn Fair Trade-varning í takmörkuðum mæli.

Um er að ræða alls kyns varning; matvöru, kaffi, gjafavöru, leikföng og jafnvel fatnað. Með Fair Trade-merkingum fær neytandinn ekki einungis tryggingu fyrir því að sanngjarnt verð hafi verið greitt fyrir vöruna, heldur einnig að farið hafi verið að kröfum sem gerðar eru til framleiðenda; svo sem að barnaþrælkun líðist ekki, starfsmönnum sé heimilt að tilheyra verkalýðsfélögum, farið sé að Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og að varan sé framleidd á umhverfisvænan hátt.

EKKI GÓÐGERÐARSTARFSEMI

Hér á landi eru enn ekki starfrækt Fair Trade-samtök. Hins vegar var nýverið opnuð Fair Trade-versl-

un á Klapparstígnum, þar sem til sölu er alls kyns varningur sem uppfyllir staðla alþjóða Fair Trade-hreyfingarinnar. Fair Trade-búðin er í eigu mæðganna Arndísar Hörpu Einarsdóttur, skólastjóra á Stokkseyri, og Ásdísar Óskar Einarsdóttur, meistaranema í mannfræði.

Ásdís bjó áður í Nýja-Sjálandi í þrjú ár og kynntist Fair Trade-hugmyndinni þar. Hún segist fyrst hafa kynnst varningnum fyrir tilviljun og raunar ekki leitt hugann að hugmyndafræðinni sem býr að baki fyrr en nokkru síðar. „Þegar hingað kom var ég steinhissa á því að hér var hvergi hægt að fá þessar vörur. Mamma var þá nýbúin á námskeiði hjá Iðntæknistofnun, fyrir konur sem vilja fóta sig í viðskiptum. Við ákváðum síðan í sameiningu að ráðast í þetta.“

Flestar Fair Trade-verslanir eru reknar af samtökum í hverju landi fyrir sig. Þar sem hér á landi eru engin slík samtök





Á LEIÐ Á MARKAÐINN Markmið Fair Trade-hreyfingarinnar er að opna markaðinn fyrir smærri fyrirtækjum í fátækari ríkjum. „Bændur í einhverju ákveðnu héraði geta tekið sig saman og sett fyrirtæki á laggirnar. Fair Trade borgar þeim síðan fast verð, og sextíu prósent upphæðarinnar fyrirfram. Þannig fá þeir peninga til að þróa starfseminu og vöruna, auka framleiðsluna og gæðin,“ segir Ásdís Ósk Einarsdóttir.

er verslunin í formi einkahlutafélags. „Í dag eru um 2.300 Fair Trade-verslanir í heiminum. Í flestum löndum eru síðan sérstök Fair Trade-samtök sem halda utan um reksturinn. Hér eru hins vegar engin slík samtök og því rekum við mæðgur verslunina.“

Ásdís segir að komið hafi upp sú hugmynd hér á landi að stofna slík samtök, þá líklega í samstarfi við Hjálparstofnun kirkjunnar. „Ef við tökum til að mynda dönsku Fair Trade-samtökin þá fá þau um fimm milljóna framlag frá danska ríkinu á hverju ári og þar vinna nánast eingöngu sjálfbóðaliðar í búðunum.“

Ásdís segir að í flestum löndum standi verslanirnar varla undir sér og því séu öll framlög vel þegin. Hún tekur hins vegar fram að ekki sé um góðgerðarstarfsemi að ræða þótt reynt sé að bjóða upp á ódýran varning. „Markmiðið er samt fyrst og fremst að geta haldið versluninni gangandi og að kynna Fair Trade fyrir Íslendingum. Móttökurnar hafa verið alveg ótrúlega góðar. Stór hluti þeirra sem koma inn eru þó útlendingar, eða Íslendingar sem dvalið hafa erlendis og kynnst Fair Trade þar.“

JÓLAGJAFIR UM HÁSUMARID

Þrátt fyrir að ekki sé um góðgerðarstarfsemi að ræða, segist Ásdís ekki bera með sér mikla gróðavon. Spurð að því hvort eitthvað dugi að reka verslun með annað en gróðasjónarmið að leiðarljósi, segist Ásdís raunar eiga erfitt með að svara. Sá mánuður sem liðinn er bendi hins vegar til þess að verslunin geti vel gengið, hið minnsta sé lærdómurinn ómetanlegur auk þess sem gaman sé að kynna ólíkum viðskiptavinum búðarinnar. „Það kom hingað kona um daginn og keypti alveg heilan helling. Konan sagðist vera að kaupa jólagjafir um hásumarið, vegna þess að hún væri

hrædd um að við yrðum ekki hérna um jólin.“

Ásdís segir söguna fyrst og fremst skemmtilega, hún hafi enga trú á því að konan reynist sannspá. „Auðvitað gengur þetta upp. Fólk er orðið miklu meðvitaðra en áður um þá ábyrgð sem það ber sem neytendur.“

Vörurnar sem til sölu eru í búðinni á Klapparstíg eru fengnar frá dönsku Fair Trade-samtökunum, en stefnt er að því að skipta millilíðalaust við framleiðendur á Indlandi, í Bangladesh, Ekvador og Nepal áður en langt um líður. Ásdís segir markmið Fair Trade-hreyfingarinnar að opna markaðinn fyrir smærri fyrirtækjum í fátækari ríkjum, sem annars ættu erfitt með aðgengi að vestrænum mörkuðum þar sem verð er margfalt hærra en heima fyrir. „Bændur í einhverju ákveðnu héraði geta tekið sig saman og sett fyrirtæki á laggirnar. Fair Trade borgar þeim síðan fast verð, og sextíu prósent upphæðarinnar fyrirfram. Þannig fá þeir peninga til að þróa starfseminu og vöruna, auka framleiðsluna og gæðin.“

Ásdís segir viðskiptavinum búðarinnar gjarnan konur á aldrinum tuttugu til sextíu ára. „Maður ætti kannski að kalla þær hinar hugsandi konur. Síðan eru náttúrulega margir sem koma bara inn af götunni, skoða, spjalla og kaupa.“

Mikil áhersla er lögð á smávöru í Fair Trade-búðinni; en auk þess má finna skófatnað, kaffi, te og sælgæti og raunar allt milli himins og jarðar. „Hugsunin er sú að hingað eigi að vera gaman að koma til að gramsa. Við reynum alltaf að hafa einhverja sögu á bakvið hlutina; til að mynda myndir af fólkinu sem framleiðir. Þannig að fólk fái tilfinningu fyrir því sem það er að kaupa.“

Fair Trade er hugmyndafræði sem gengur þvert á pólitískar áttakalínur að sögn Ásdísar, og því nokkuð sem bæði vinstri- og hægri-menn ættu að geta sætt sig við. „Eigum við ekki að segja að þetta sé nokkurs konar málamiðlun sem allir ættu að geta sætt sig við. Að hjálpa fólki upp úr fátækt gegnum viðskipti.“



Veltir 130 milljörðum árlega

Alls eru starfræktar 2.300 Fair Trade-verslanir í heiminum. The Economist hefur kallað Fair Trade hugmyndina „góðmennsku byggða á misskilningi“.

Fair Trade eru alþjóðleg regnhlífarsamtök sem hafa það að markmiði að efla viðskiptasambönd við þriðja heims ríki. Vörur sem framleiddar eru undir merkjum Fair Trade eru framleiddar á vistvænan hátt. Sendinefndir frá samtökunum ferðast til landanna og votta að framleiðendur fylgi þeim skilyrðum sem sett eru Fair Trade varningi, og að í viðskiptum með vöruna hafi fullrar sanngirni verið gætt gagnvart framleiðandanum.

All kyns varningur er seldur undir merkjum Fair Trade; matvara, kaffi, gjafavara, leikföng og jafnvel fatnaður. Með Fair Trade merkingum fær neytandinn ekki einungis tryggingu fyrir því að sanngjarnt verð hafi verið greitt fyrir vöruna, heldur einnig að farið hafi verið að kröfum sem gerðar eru til framleiðenda; svo sem að barnaþrælkun líðist ekki, starfsmönnum sé heimilt að tilheyra verkalyðsfélögum, farið sé að Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og að varan sé framleidd á umhverfisvænan hátt.

Starfseminni er gjarnan skipað þannig að bændur og framleiðendur stofna með sér félög, sem gerir langtímasamning við hinn vestræna kaupanda. Verðið fyrir vöruna er ákveðið, og sextíu prósent þess greitt fyrirfram. Þannig er framleiðendunum gert kleift að fjárfesta fyrir ágóðann; þróa starfseminu og vöruna.

Í dag eru um 2,300 Fair Trade verslanir víða um heim. Alls

var seldur Fair Trade varningur fyrir rúmlega 131 milljarð króna árið 2006, og jókst salan um fjörföld prósent miðað við árið á undan.

Fair Trade á sér þó sína gagnrýnendur. Breska tímaritið The Economist hefur löngum haldið því fram að Fair Trade sé í raun misskilin góðmennska. Með því að hafa fyrirfram ákveðið verð fyrir varninginn, sem oftar en ekki er hærra en raunverulegt markaðsverð, sé hvatt til offramleiðslu. Offramboð leiði síðan til þess að það verð sem fæst fyrir varninginn hjá öðrum en Fair Trade framleiðendum lækkar. Fair Trade gagnist því einungis hinum útvöldu Fair Trade framleiðendum til skamms tíma, en geri öðrum erfiðara fyrir. Fair Trade sé því ekki annað en hindrun í vegi hins frjálsa markaðar.

Leiðarahöfundar The Economist, hafa tekið verð á kaffi sem dæmi. Verð á kaffi sé jafn lágt og raun ber vitni vegna offramleiðslu, og það valdi því að framleiðendur eiga erfiðara en ella með að rífa sig upp úr fátækt.

Í flestum vestrænum löndum er starfrækt sérstök Fair Trade samtök, sem sjá um rekstur verslana sem reknar eru af sjálfbóðaliðum. Hér á landi eru engin slík samtök. Stofnun slíkra samtaka hefur þó komið til tals hjá eigendum Fair Trade búðarinnar og Hjálparstofnun kirkjunnar, sem í mörg ár hefur boðið Fair Trade varning til kaupa.

- jsk



FAIR TRADE-MERKIMIÐI Merkingunum er ætlað að tryggja neytandanum að fyllstu sanngirni hafi verið gætt við kaup og framleiðslu á vörunni.

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Íslenskt efnahagslíf og gjaldmiðill sveiflast með sviptingum á alþjóðamarkaði. Óþarfa hrakspár hjálpa ekki til.

Hornsíli og hvalfiskar

Óli Kristján Ármannsson

Ekki var að sjá á kauphallarviðskiptum gærdagsins að rússíbanareid liðinnar viku sæti í mönnum að aflokinni verslunarmannahelgi, krónan var í styrkingarfasa á ný og hafði um miðjan dag bætt við sig tæpu prósent og úrvalsvisitala kauphallarinnar stefndi upp á við á ný.

Viðskipti í kauphöll hafa það sem af er ári reynst líflegri en spád var og fór Úrvalsvisitalan (sem reyndar heitir eftir sameininguna við OMX kauphallarsamstæðuna OMX Iceland 15) náði hámarki 18. síðasta mánaðar. Síðan hefur hún heldur lækkað, en í því samhengi má ekki gleymast að hækkunin það sem af er ári er samt um 30 prósent.

Tilfellið er nefnilega að markaðir sveiflast og gjaldmiðlar, að maður tali nú ekki um örmyntir á borð við íslensku krónuna, gera það líka. Óskhyggja frænda okkar í Danske Bank um efnahagshamfarir hér á landi og hrakspár þeirra í þá átt eru ólíklegar til að ganga eftir og þá tæpast nema í samhengi við kreppu á heimsvísu, en slíku hafa þeir ekki spáð.

Hækkanir á markaði hér heima í gær eru í takt við þróunina úti í hinum stóra heimi þar sem lækkandi olíuverð varð til þess að helstu markaðir hækkuðu um og yfir tvö prósent á mánudag, daginn sem íslenskir fjárfestar sneru heim með tjaldvagna sína eftir ferðalög helgarinnar.

Danske Bank lét í álitinu sínu sem út kom fyrir helgi sem hér væri ekkert að gerast í efnahagslífi annað en skuldsett útrás fyrirtækja og spákaupmennska með krónuna. Hér var nú samt líf fyrir útrásina sem hófst um aldamót og ýmislegt sem er gert til að treysta stöðir atvinnulífsins. Þannig tók til starfa um mánaðamótin Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem varð til við samruna Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Samkvæmt lögum er hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvarinnar að „styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði“.

Ástæða er til að fagna samrunanum og óska forsvarsmönnum velfarnaðar í að hlúa að sprotastarfsemi sem vonir standa til að upp úr spretti fyrirtæki sem skapað geti þjóðarþúinu ómæld verðmæti og laða til sín líka starfsemi. Hver veit nema líf færast á ný í umræðu um tækniþorp og breytingar sem þarf hér að gera til að laða hingað hátæknifyrirtæki. Þar keppum við meðal annars við Írland og Kanada. Krónan er hins vegar sem fyrr það sem ógnar því hún er uppspretta óstöðugleika í rekstri útflutningsfyrirtækja.

Íslenski gjaldmiðillinn er örmynt og hefur verið gripið til margvíslegra myndlíkinga til að draga fram þann samanburð. Þannig hefur hún verið nefnd hornsíli sem syndir með hvalfiskum og ættu flestir að þekkja til stærðarhlutfallanna í þeim samanburði. Því má gefa sér að krónan sveiflist til og frá, oft nokkuð langt frá svonefndu jafnvægisgildi.

Fyrirtækin í landinu kalla á umhverfi þar sem hægt er að horfa til nokkuð stöðugrar framtíðar í áætlanagerð. Lagaumgjörð, eftirlitsstofnanir og regluverk eru hér með því fremsta sem gerist í heiminum og aðstæður til rekstrar um margt hagfelldar. Viðbúið er hins vegar að áfram haldi umræðan um framtíðarskipan gengismála hér, ef ekki væri annað mætti með breytingum taka eitt helsta vopnið úr höndum Danske Bank í skrifum þeirra um landið.

eggert@markadurinn.is | haffidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olivr@markadurinn.is

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar

Drottinn blessi heimilið

ORD Í BELG

Gunnar Árnason,
yfirmaður
áhættustýringar og
útlánaeftirlits hjá
BYR – sparisjóði.



hafa orðið á helstu eign flestra hér á landi, íbúðarhúsnæðinu, finnst almenningi hann vera auðugri, sem hann með réttu er, þó hagnaðurinn í formi verðhækkana hafi ekki verið innleystur – og vissulega getur húsnæðisverð lækkað. Aukin neysla almennings endurspeglar því að töluverðu leyti þessa miklu eignamyndun í formi verðmætara húsnæðis og við erum að tala um þriggja stafa tölur fyrir margan húseigandann, þegar verðhækkunin er mæld í prósentum. Það skyldi því engan undra þótt menn leyfðu sér að auka aðeins við inngjöfina á neysluvagninum.

FJÁRFEST TIL FRAMTÍÐAR

Á undanförmum árum hefur átt sér stað mikil fjárfesting í íbúðarhúsnæði hér á landi. Uppbyggingin hefur í takt við eftirspurn, að langmestu leyti átt sér stað á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Vanda skal það sem lengi skal standa segir máltækið. Víst er að með tilkomu nýrrar tækni í byggingariðnaði og notkun nýrra efna, hefur orðið mögulegt að byggja vandari hús og á skemmri tíma en áður þekktist. En við þær aðstæður sem hafa ríkt á fasteignamarkaði hér á landi undanfarið, þar sem aðilar á byggingarmarkaði hafa lagt nótt við dag við að anna eftirspurn eftir nýju húsnæði og aðflutt vinnuafli í byggingariðnaði hefur streymt til landsins, er jafnframt meiri hætta á að slakað sé á gæðakröfum.

BYGGT TIL AÐ STANDA

Meðalaldur íbúðarhúsnæðis mælist í áratugum og því ljóst að ekki er tjaldað til einnar nætur. Gæðamál í byggingariðnaði eru því gríðarlega mikilvægur þáttur og yfirsjón í þeim efnunum eru dýrkeypt mistök. Það er því umhugsunarefni hvers vegna kvörtunarmálum neytenda vegna ný-

byggðs íbúðarhúsnæðis fer fjölgaandi og málum sem eru tilkomin vegna galla og mistaka í hönnun og byggingu húsnæðis fjölga hjá dómstólum landsins.

Húsbyggingum og mannvirkjum er ætlað að vera með okkur í samfélaginu um langt skeið. Maður skyldi því ætla að hönnun og gerð einstakra húsa, útlit einstakra hverfa og bæjarhluta og síðast en ekki síst staðsetning húsa og mannvirkja sem teljast meiri háttar í landslaginu sé gefinn góður gaumur. En því miður er því ekki að heilsa og við höfum mörg dæmi sem orðið hafa til á allra síðustu árum sem sanna það.

Á sama tíma hefur opinber umræða um umhverfisvernd og afskipti almennings af umhverfismálum og umhverfisvernd líklega aldrei verið meiri. Getur verið að einstök verkefni á höfuðborgarsvæðinu séu ekki nógu stór í sniðum til að hægt sé að bera þau á borð fjárfestingar og mannvirkja sem eru fyrir augunum á tugþúsundum manna hér á landi, ekki á hverju ári eins og á hálendinu, heldur á hverjum degi.

ERFIÐ FYRSTU SKREF

Hækkandi lánshlutfall og lækkandi fjármagnskostnaður með aðkomu banka og sparisjóða að íbúðalánamarkaðnum hefur breytt landslaginu fyrir kaupendur íbúðarhúsnæðis hér á landi.

Þessi breyting hefur jafnframt aukid þrýsting á stjórnvöld í að endurskilgreina hlutverk Íbúðalánasjóðs. Eftir ákaflega vel heppnaða einkavæðingu ríkisbanka og almennt mun minni afskipta ríkisvalds af fjármálamarkaði hér á landi, er dapurlegt hversu lengi hefur dregist að stokka upp rekstur Íbúðalánasjóðs.

Nú hafa vextir á íbúðalánamarkaði hækkað tímabundið, sem aftur hefur kallað fram viðbrögð hjá stuðningsmönnum opinberra afskipta af fjármálamarkaði, sem telja hækkandi vaxtastig sanna þörf á tilvist opinbers lánasjóðs á húsnæðismarkaðnum. Það er skelfilegt til þess að hugsa ef slík sjónarmið fá hljómgrunn hjá stjórnvöldum, sem hafa borið til þess gæfu undanfarin ár að losa rækilega um hömlur og markaðstruflandi þætti á fjármálamarkaði hér á landi, með svo glimrandi árangri að hlýtur að verða teljast hrein og klár snilld.

AUÐSÁHRIFIN

Samfelld hækkun á markaðsverði íbúðarhúsnæðis síðastliðinn áratug hefur kallað fram það sem nefnt hefur verið „auðsáhrif“. Fyrirbærið er ekki séríslenskt, heldur alþekkt á erlendum mörkuðum þegar miklar og viðvarandi hækkanir hafa átt sér stað á húsnæðismarkaði. Húsnæði til eigin nota er stærsta eignin í efnahagsreikningi flestra landsmanna. Þar sem fjárfesting í íbúðarhúsnæði er almennari hérlendis en víðast hvar í nágrannalöndunum og markaður fyrir leiguhúsnæði þar af leiðandi tiltölulega smár, má færa góð og gild rök fyrir því að auðsáhrifin hér séu þeim mun meiri við þær aðstæður sem ríkt hafa undanfarin áratug eða svo.

Sá mikli hagvöxtur sem landsmenn hafa búið við í mörg ár er að miklu leyti drifinn áfram af einkaneyslu. Þannig er talið að allt að 2/3 hluta hagvaxtar megi rekja til einkaneyslu. Auðsáhrifin birtast í þeirri mynd að þegar miklar og viðvarandi hækkanir

Undanfarinn áratug hefur orðið gjörbylting í umsýslu atvinnuhúsnæðis hér á landi. Það þykir sjálfsgagt mál í dag að fyrirtæki láti sérhæfð fasteignafélög um rekstur og þjónustu húsnæðis undir reksturinn.

UM VÍÐA VERÖLD

Kapítalskt nirvana

The Guardian segir Moskvuborg hafa náð enn einum áfanganum á leiðinni að kapitalísku algleymsi, eða nirvana eins og það heitir upp á ensku. Samkvæmt nýrri könnun er hvergi í veröldinni meiri hagnaður af hótélrekstri heldur en einmitt í Moskvu, þar sem hagnaður á fyrri helmingi árs nam 12.650 krónum á hvert herbergi að meðaltali. Ágóðinn er riflega þriðjungur meiri en í London, sem er sú borg sem næst kemur. Fram kemur að þessi mikli hagnaður skýrist að stærstum hluta af lágum launakostnaði; sá vandi sé útbreiddur í Rússlandi þar sem auðkífingar séu á hverju strái, meðan meðallaun í landinu rétt slaga í þrjátíu þúsund krónur á mánuði. Þannig fara um tuttugu prósent tekna hótela í Rússlandi til launagreiðslna meðan hlutfallið er hátt í fjórutíu prósent í Lundúnum.

The Guardian

Góður tími til að herða sultarólina

The Economist Titringurinn á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum að undanförmu eru góðar fréttir, þrátt fyrir að bankamenn og fjárfestar séu margir hvergir súrir. Þetta er mat leiðarahöfundar The Economist sem segir að skellurinn hafi að minnsta kosti komið vitinu fyrir þessa hópa. Allt of mikið fjármagn hafi verið í boði á undanförmum árum, allt of ódýrt, allt of auðveldlega, fyrir allt of stóra hópa fólks. Gilti einu hvort um væri að ræða spákaupmenn að krækja sér í fljótan gróða á húsnæðismarkaðnum á Miami eða risa fjárfestingasjóði að fjármagna sínar nýjustu yfirtökur. Hringing vekjaraklukkunnar hafi komið of seint fyrir bandaríska húsnæðismarkaðinn. Hún sé þó nógu snemma á ferð til að hemja yfirtökuæðið á þeim tíma sem efnahagur heimsins er nógu sterkur til að takast á við aðstæðurnar.

The Economist

STARFSMANNAMÁL

Óviðunandi vinnuaðstæður

Um helgina voru eineltismál töluvert í fréttum Sjónvarpsins. Voru þá starfsmenn lagðir í einelti og voru beittir „faglegu ofbeldi“ eins og einn starfsmaður orðaði það. Einnig kom fram að lítið hafði verið gert úr starfsmönnum á vinnustaðnum. Margir velta ef til vill fyrir sér hvernig einelti geti átt sér stað á vinnustaðum innan um fjölda annarra starfsmanna og hvernig það sé skilgreint. Algengara er að talað sé um einelti meðal barna í skólum en á meðal fullorðinna.

Byrjað var að rannsaka einelti meðal barna snemma á áttunda áratugnum en einelti á vinnustaðum í byrjun níunda áratugarins. Þá komu upp spurningar hvort einelti væri eitthvað sem kæmi fyrirtækjum og stofnunum við og hvort þau þyrftu að bregðast við á einhvern sérstakan hátt. En hvað er einelti – er það e.t.v. bara huglægt mat þess sem verður fyrir því? Það er ekki svo einfalt og m.a. er búið að skilgreina einelti skv. reglugerð nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað. Þar kemur fram að einelti sé „Ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað and-

legt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir.“

Einelti getur kostað fyrirtæki mikla fjármuni bæði vegna kærumála og vegna áhrifa sem það hefur á starfsfólkið. Einelti getur haft áhrif á mætingu starfsmanna, skilvirkni, eldmód og hvatningu. Áhrifin lýsa sér m.a. í því að starfsmaður missir sjálfstraust, finnur til leiða, sefur illa, fær höfuðverki og hækkaðan blóðþrýsting. Dregið getur úr sköpunargleði og vinnuafköst minnka.

Rannsóknir hafa sýnt fram

á að yfirmenn og stjórnendur eru helst þeir sem beita einelti. Stjórnendur beita þá starfsmenn andlegu ofbeldi með því að taka af þeim verkefni, láta þá ekki vita af fundum, setja starfsmann undir stöðugt eftirlit, gagnrýna starfsmenn opinberlega, eða gera vinnuáðstæður óvinunandi á einhvern hátt. Fleiri rannsóknir sýna fram á að gerendur eineltis séu þeir sem haldi áfram á vinnustaðnum en þolendur séu þeir sem gefist upp og haldi áfram að leita á ný mið. Rannsóknir sýna líka að þolendur eru oft fluttir til í starfi, þeir leggja ekki fram formlega kvörtun heldur halda þeir vanda-

málinu fyrir sig og e.t.v. sína fjölskyldu.

Sífelld fleiri fyrirtæki setja nú í starfsmannastefnur sínar reglur um að starfsfólk skuli vera meðvitað um hvernig hegðun þeirra getur haft áhrif á aðra og ennfremur að komið skuli fram við alla starfsmenn fyrirtækisins af virðingu. Þá er í auknari mæli tekið fram í starfsmannastefnum að einelti sé ekki liðið og að starfsfólk sem lætur einelti viðgangast eða tekur þátt í því skuli skýra frá því. Í ljósi þeirra upplýsinga að einelti sé algengast á meðal yfirmanna er ljóst að margir yfirmenn þurfi á þjálfun að halda varðandi ein-

eltismál og hvernig taka skuli á þeim. Eineltismálum verður ekki útrýmt fyrr en að stjórnendur setja sér stefnu varðandi eineltismál, taki á vandamálinu og ákveði að búa til menningu innan fyrirtækisins þar sem einelti er ekki liðið.

Sif Sigfúsdóttir,
markaðsstjóri
viðskipta- og
hagfræðideildar
HÍ og
stundakennari
Hí sifsig@hi.is



SPÁKAUPMAÐURINN

Snert viðkvæma taug

Eitt af því sem ég hef lært sem fjárfestir er það að setja hluta af peningunum mínum á þá staði sem flestir telja að muni hækka í framtíðinni. Þess vegna hafa peningarnir mínir farið úr íslenskum eignum yfir í erlendar gjalddeyri, færeyska og skandinavíska banka, evrópsk drykkjarfyrirtæki, fasteignir í Mið-Evrópu og svo framvegis.

Eins og stemningin er núna er ólíklegt að krónan verði aftur eins sterk og hún var fyrir nokkrum vikum þegar ég lá í sólinni við Spaníustrendur. Það voru allir að kveina yfir því hversu sterk hún væri orðin eins og sást bersýnilega í sjónvarpinu og blöðunum þar sem annar hver útflytjandi fékk að gráta. Ég er ekki frá því að þessi grátkór hafi snert viðkvæma taug en sem sannur fjárfestir reyni ég sem minnst að móta fjárfestingar mínar út frá tilfinningum. Svo féll hún auðvitað hratt eins og gerist alltaf í okkar litla landi. Já, ég gat farið með bros á vör inn í verslunarmannahelgina vitandi það að erlendar eignir mínar voru á uppleið.

Það kom svo sem ekki á óvart að snillingarnir í Danske Bank kæmu svo fram á sjónarsviðið nú þegar krónan og íslensku bankarnir fóru að gefa eftir. Þar helgar tilgangurinn meðalið, bankinn að reyna að réttlæta dapra fjárfestingaráðgjöf til viðskiptavina.

Þá sé ég ekki hlutabréfamarkaðinn fyrir mér nærri hæstu hæðum í bráð, enda ættu allflestir að vera sáttir við þá ávöxtun sem hefur boðist. Þar með er ekki sagt að öll tækifærin séu fyrir bí á Íslandi. Ég er spennur fyrir litlu fjármálfyrirtækjunum, hvort sem það eru sparisjóðir eða smærri fjárfestingarbankar, og tel að mikill skriður verði á þeim. SPRON gefur þar tóninn með skráningu í Kauphöllina í haust.

Spákaupmaðurinn á horninu.



Gerum gott úr þessu

Pappír er frábært efni. Eftir að hafa fært okkur fréttir og annað lesefni getur pappírinn öðlast nýtt hlutverk. Það eina sem við þurfum að gera er að flokka hann og skila í næsta pappírgám eða endurvinnslutunnu.



Gott til endurvinnslu

Enginn nýgræðingur í bankaheiminum

Birna Einarsdóttir, sem nýverið tók við starfi framkvæmdastjóra viðskiptabankasviðs Glitnis á Íslandi, hefur lengi verið viðriðin fjármálaheiminn. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* hitti Birnu að máli og fékk að heyra sögur úr bankanum.

Birna Einarsdóttir, sem tók um mánaðamótin viðstarfi framkvæmdastjóra Viðskiptabankasviðs Glitnis á Íslandi, er enginn nýgræðingur í bankaheiminum. Hún á meðal annars að baki sex ára reynslu hjá Royal Bank of Scotland í Edinborg auk þess að hafa unnið sem markaðsstjóri hjá Íslandsbanka.

Í starfi framkvæmdastjóra þróunarsviðs Glitnis, sem Birna hefur gegnt undanfarið, hafði hún umsjón með starfsmannamálum bankans á alþjóðavettvangi. Þá heyrðu markaðsmál bankans á alþjóðavísu undir hana, í samstarfi við Bjarneyju Harðardóttur, markaðsstjóra Glitnis á Íslandi. Í nýju starfi mun Birna áfram hafa yfirumsjón með uppbyggingu vörumerkisins Glitnis samhliða því að stjórna viðskiptum bankans við einstaklinga, lítil og meðalstór fyrirtæki á Íslandi.

Breytingin á hógum Birnu kemur í kjölfarið á skipulagsbreytingum hjá bankanum. Meðal annars hefur vinna staðið yfir á breytingu á skipulagi bankans í svokallað matrix-skipurit. Þetta

er sérstaklega gert í því miði að samtvinnu áherslur allra vara á öllum mörkuðum sem bankinn starfar á. Stjórnendur Glitnis stefna á áframhaldandi stækkun á næstu árum. Skipuritinu er ætlað að hjálpa til við að það verði á farsælan hátt.

FÁAR KONUR Á TOPPNUM

Konur eru ekki eins áberandi og karlar innan bankanna og þeim fækkar hratt eftir því sem ofar dregur í skipuritinu. Á toppnum hefur Birna fáar samferðakonur. Hún segist þó aldrei hafa upplifad að eiga erfiðara uppdráttar en karlar í störfum sínum. „Þegar ég útskrifaðist úr viðskiptafræðinni í HÍ var ég mjög búin undir að þurfa að berjast fyrir mínu og var með jafnréttishnefann á lofti. Fyrsta starfið sem ég sótti um var staða framkvæmdastjóra Íslenskra getrauna. Ég vissi ekkert um fótbolta en ákvað að sækja um af því að það ætluðu strákarnir, skólafélagar mínir, að gera. Fjórtán karlar sóttu um. Ég var eina konan og fékk djóbbið. Það má segja að ég hafi því fallið á eigin bragði.“



BIRNA EINARSDÓTTIR Birna tók við stöðu framkvæmdastjóra viðskiptabankasviðs Glitnis um síðustu mánaðamót. MARKAÐURINN / GVA

HVERGI BETRI ÞJÓNUSTA

Birna segir íslenska einstaklinga fá ágætis kjör hjá íslenskum bönkum. Þá sé almennt þjónustustig hvergi hærra en hér. Þjónustan sé í toppstandi, hvort sem

litið sé á hraðann, afgreiðsluna eða ferlana. „Íslenski markaðurinn er afar mikilvægur grunnur í starfsemi Glitnis. Hér höfum við mörg þúsund viðskiptavinum sem við viljum þjóna afskaplega vel. Þessi grunnur er mikilvægur í uppbyggingu bankans erlendis og við vitum að gott orðspor að heiman fylgir okkur hvert sem við förum.“

Birna segir að almennt séu Íslendingar mjög tryggir sínum viðskiptabanka. Hún segir hins vegar yngri viðskiptavinum ekki eins tryggja og þá eldri. Þetta komi meðal annars til af aukinni samkeppni á bankamarkaðnum. „Samkeppni á íslenskum bankamarkaði er mikil. Það er barist um hvern einasta viðskiptavin. Þetta er mjög virkur markaður.“

STÝRÐI NAFNABREYTINGUNNI

Nafnabreytingin úr Íslandsbanka í Glitni á síðasta ári var meðal verka Birnu í starfi framkvæmdastjóra þróunarsviðs. Hún er hreykin af því hversu vel breytingin gekk fyrir sig, bæði út á við en ekki síst innan bankans. „Um leið og við skiptum út nafninu tókum við upp gildin „fast, smart and thorough“ eða „fljót, snjöll og fag-

leg“. Eftir sex mánuði spurðum við alla starfsmenn bankans hvort þeir þekktu gildin. Niútu og níu prósent þeirra gera það og mikill meirihluti sagðist vinna eftir þeim. Það hlýtur að vera heimsmet.“

Hún er ekki síður ánægð með tengingu bankans við Reykjavík-urmarabonið. „Marabon-hlaup á svo vel við gildi Glitnis. Í fyrsta lagi þarftu að vera fljótur. Svo þarftu að vera snjall til að úthuga hvernig þú ætlar að hlaupa. Þá þarftu að hlaupa faglega, ef þér er alvara með að verða góður hlaupari.“

Tilhugsunin um Glitnismarabonið kallar ósjálfrátt upp mynd af Bjarna Ármannssyni, fyrrverandi forstjóra Glitnis, skokkandi í mark með bros á vör. Ímynd bankans var náð samtvinnuð hans persónu og því ekki úr vegi að forvitnast um stemninguna í bankanum eftir brotthvarf hans. „Hann var að verða fertugur og við þurftum að yngja upp,“ segir Birna hlæjandi. „Lárus [Welding] er ofsalega kraftmikill, bankamaður af guðs náð og flinkur á sínu sviði. Ofan á það er hann sérlega traustur og góður maður. Svo ég get ekki verið annað en ánægð með skiptin.“

Eik Group kaupir fyrirtæki í Danmörku

Eik Group hefur fest kaup á fjárfestingarráðgjafarfyrirtækinu Privestor Fondsmæglerselskab A/S og tímaritinu Tidsskriftet FinansNyt A/S.

Eik Banki er skráður á markaði í Kauphöllinni hér, en það er Eik Bank Danmark A/S sem samið hefur um kaupin á fyrirtækjunum tveimur. Í kauphallartilkyningu kemur fram að fyrirtækin verði svo skjótt sem auðið er sameinuð starfsemi Eik Bank Danmark.

„Privestor Fondsmæglersel-

skab A/S býður fjárfestingarráðgjöf sem byggir á margra ára reynslu af fjárfestingasjóðum og hefðbundnum fjárfestingum, aðallega skuldabréfum og hlutabréfum. Markmið Tidsskriftet FinansNyt A/S er að bjóða fjárfestingarráðgjöf, greina markaðinn og fjalla um ráðgjöf annarra. Fyrirtækið gefur út tímaritið FinansNyt. Hjá fyrirtækjunum tveimur starfa fjórir starfsmenn og halda þeir allir störfum sínum innan Eik Bank Danmark,“ segir í tilkyningunni.

FÓLK Á FERLI

GUNNAR ÖRN KRISTJÁNSSON, aðaleigandi Bræðranna ORMSSON, tekur við starfi framkvæmdastjóra ORMSSON af Andrési B. Sigurðssyni, sem gegnt hefur starfinu í nær 14 ár. Fram kemur í tilkyningu að Andrés verði sextugur síðar á árinu og fari ekki til annarra fastbúndinna starfa. Hann starfaði áður hjá Alpan á Eyrarbakka og hjá Vörumarkaðnum.

Gunnar var forstjóri SÍF í 12 ár, rak eigin endurskoðunarskrifstofu um áratuga skeið og er löggiltur endurskoðandi og viðskiptafræðingur.



PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

Sérfræðiaðstoð við fjárfestingar hringdu í síma 444 7000


Ávaxtaðu betur 15,4%*

Peningamarkaðssjóður er tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

*Nafnávöxtun í íslenskum krónum á ársgrundvelli fyrir tímabilið 29/06/07 - 31/07/07.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýrri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættuþreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útbóðslýsingu eða útdrætti úr útbóðslýsingu sjóðsins í útbúum Kaupþings eða á www.kaupthing.is.







ÁGÚST ER SKEMMTILEGRI!

GLÆNÝIR ÞÆTTIR MEÐ STELPUNUM
SO YOU THINK YOU CAN DANCE OG AMERICA'S GOT TALENT - ÚRSLITAÞÆTTIR

ÁSKRIFT: 512 5100 | VERSLANIR VODAFONE



skemmtilegri



Vandi Afríku er ekki óyffirstíganlegur

Baugur hefur skuldbundið sig til að leggja eina milljón punda árlega til góðgerðarverkefna í Afríku á vegum Clinton-Hunter sjóðsins svokallaða. Jón Ásgeir Jóhannesson, starfandi stjórnarformaður Baugs, og dóttir hans, Ása Karen, fóru nýlega til Rúanda og Malaví, ásamt þeim Clinton og Hunter, til að líta verkefni augum. Jón Skaftason ræddi við Jón Ásgeir um ferðina, verkefni og það sem fyrir augu bar.

Baugur Group skuldbatt sig nýlega til að leggja eina milljón punda árlega í Clinton-Hunter sjóðinn svokallaða, sem er góðgerðarsjóður Bills Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, og skoska milljarðamæringisins Sir Toms Hunter. Starfsemi sjóðsins fer fram í Afríkurlíkjunum Rúanda og Malaví og hefur Hunter þegar skuldbundið sig til að leggja um 6,3 milljarða íslenskra króna í sjóðinn til næstu tíu ára.

Verkefni sem Baugur styrkir snúa að svokallaðri kolefnisjöfnun; afrískir bændur sem njóta góðs af sjóðnum fá í hendurnar plöntur í hlutfalli við útblástur mengandi lofttegunda frá fyrirtækjum Baugs. Ráðist var í mikla útreikninga áður en verkefninu var hrundið af stað; reiknað út hversu miklu af koltvísýringi hvert fyrirtækjanna losaði í andrúmsloftið á ári hverju, og hvað þyrfti að gera til að mæta þeim útblæstri.

Jón Ásgeir Jóhannesson, starfandi stjórnarformaður Baugs, og dóttir hans, Ása Karen, fóru nýlega í heimsókn til Afríkurlíkjunna ásamt þeim Clinton og Hunter. Hann segir að lýsa megi verkefnunum á þann hátt, að verið sé að taka kolefnisjöfnun skrefinu lengra „Clinton-Hunter samtökin snúast um að styðja við ríki Afríku. Hins vegar er ekki verið að gefa fólkinu mat, heldur kenna þeim að afla fæðunnar sjálf.“

Miklar hörmungar hafa gengið yfir í bæði Rúanda og Malaví. Aðeins eru líðin þrettán ár frá þjóðarmorðunum í Rúanda, þar sem átta hundruð þúsund manns létu lífið, og í Malaví hafa geislað hungursneyðir með reglulegu millibili undanfarnin ár. Að sögn Jóns Ásgeirs fá um átta þúsund bændur atvinnu gegnum verkefni. Baugur kaupir plönturnar, kennir bændunum að meðhöndla þær en bændurnir sjá um gróðursetningu og ræktun. „Þetta eru mest ávaxtatré; til að mynda verður mikið af avókadóræktun í Rúanda. Næsta skref er síðan að sjá til þess að ávextirnir verði að gæðavöru sem hægt er að selja á sem allra hæsta verði. Stefnt er að því

„Okkur finnst spennandi að geta tekið þátt í því að draga úr loftslagsmengun. Ef við getum hjálpað fólki að koma undir sig fótunum í leiðinni þá er það frábært. Við bindum þannig miklar vonir við það að allir hlutaðeigandi geti hagnast á þessari skuldbindingu okkar.“



LITID Á ÁVAXTAPLÖNTURNAR Verkefni sem Baugur styrkir líta að kolefnisjöfnun. Bændur í Rúanda og Malaví sem njóta góðs af sjóðnum fá í hendurnar plöntur í hlutfalli við útblástur mengandi lofttegunda frá fyrirtækjum Baugs. Um átta þúsund bændur fá atvinnu gegnum verkefni. MYND/ÁSA KAREN JÓNSDÓTTIR



FRÁ RÚANDA Jón Ásgeir segir að ekki þurfi að líta langt til að sjá eynd og örbirgð. Hins vegar hafi hann fulla trú á að Afríka nái að rétta úr kútnum. MYND/ÁSA KAREN JÓNSDÓTTIR

að í náinni framtíð getum við selt ávextina í okkar keðjum á Bretlandi, Íslandi og í Danmörku. Þá erum við komin hringinn.“

Jón Ásgeir segir að einnig komi til greina að hefja kaffi- og terækt á svæðinu. Loftslagið í löndunum sé ákjósanlegt fyrir slíka ræktun. Hann segist finna mikinn áhuga meðal fólksins, það hafi einlæg vilja til að leggja það á sig sem þarf til að rífa sig upp úr örbirgðinni. „Á þessum slóðum hefur allt meira og minna verið á hendi ríkisins og ákaflega lítil þróun. Þetta er ekki ósvipað því og þegar Íslendingar settu fiskinn einfaldlega inn í gám, fluttu hann til Englands og létu útlenda menn hirða allan virðisaukann. Við stefnum að því að þetta verði lúxusvara, og raunar má segja að verkefni snúist um að hækka virðisaukann og skilja stærri hluta af kókunni eftir í Afríku heldur en hingað til hefur tíðkast.“

SKÆRULIÐINN SEM VARÐ FORSETI

Meðan á dvölinni stóð heimsóttu þeir Clinton, Hunter og Jón Ásgeir forseta landanna tveggja; Paul Kagame í Rúanda og Bingu wa Mutharika í Malaví. Jón Ásgeir segir það hafa verið sérstaka upplifun að hitta Kagame sem þyki meðal allra merkustu Afríkuleiðtoga. Kagame er tútsi og flúði ofsóknir hótúa aðeins fjögurra ára að aldri. Hann varð síðar á lífsleiðinni leiðtogi skæruliðahreyfingar RPF (Rwandan Patriotic Front), og leiddi her skæruliða frá Úganda inn í Rúanda, þegar endi var bundinn á þjóðarmorðin árið 1994. „Kagame var í útleð meðan stríð geislaði í heimalandinu, og var í sjö ár í frumskóginum. Okkur fannst mjög merkilegt að heyra frásögn af því hvernig hann hrökklaðist milli svefnstaða og átti alltaf á hættu að falla fyrir hendi morðingja. Hans eina hugsun var að lifa daginn af.“

Clinton-Hunter sjóðurinn hefur einnig stutt dyggilega við heilbrigðisþjónustu í löndunum tveimur. Jón Ásgeir og ferðafélagar heimsóttu spítala í Rúanda, og urðu hrfirnir af því sem fyrir augu bar. „Þarna sáum við það sem hægt er að gera með góðum vilja. Það hefur náðst ótrúlegur árangur, og fólk sem áður var veikt hefur orðið vinnufært á þremur til fjórum mánuðum. Það er hins vegar ekki nóg að láta fólkið bara fá eyðnilyfin, heldur þarf að kenna þeim að taka þau og halda þeim við efnid.“ Jón Ásgeir tekur sem dæmi að í Rúanda hafi stjórnandi heilbrigðisverkefnisins, sett á fót her fótgönguliða sem



JÓN ÁSGEIR OG SIR TOM HUNTER Baugur hyggst leggja eina milljón punda á ári til góðgerðarsjóðs Bills Clinton, fyrrum Bandaríkjaforseta, og skoska auðkyffingsins Sir Tom Hunter. Jón Ásgeir segir að ekki hefði verið ráðist í slíka skuldbindingu nema von væri á sýnilegum árangri. MYND/ÁSA KAREN JÓNSDÓTTIR

hafa gengið milli þorpa og fengið fólkið til að taka lyfin.

Óhætt er að segja að viðbrigðin séu mikil þegar flogið er frá vestrænum borgum á borð við London eða Reykjavík og lent á alþjóðaflugvelli í Kigali, höfuðborg Rúanda. Jón Ásgeir segist fyrst hafa tekið eftir því hversu ótrúlega rólegt var yfir flugvelli, loftumferð lítill og allt með kyrrum kjörum. Ekki hafi hins vegar þurft að fara langt til að sjá fátækt og eynd; átakanlegt hafi verið að heimsækja spítala þar sem fólk beidi í löngum röðum eftir lækni meðferð. Þá sé húsakostur fólks ekki upp á marga fiska og ekki óalgent að sjá stórar fjölskyldur kúlðrast í litlum strákofum. „Það er mikil upplifun að tala við fólkið og heyra hversu mikinn áhuga það hefur á því að að læra og reyna að koma undir sig fótunum,“ segir Jón Ásgeir.

AFRÍKA KEMST Á LAPPIRNAR

Meðalárstekjur í Malaví nema um ellefu þúsund íslenskum krónum. Landsframleiðsla árið 2006 nam 513 milljörðum íslenskra króna. Í Malaví búa um 13,6 milljónir manna, þótt íbúatölur séu á reiki eins og í mörgum Afríkurlíkjum. Samkvæmt þessum tölum er malavíska hagkerfið tæplega helmingi minna en það íslenska, þrátt fyrir að þar búi rúmlega fjórtúu og fimm sinnum fleiri. Íslenska hagkerfið er því hundrað og einu sinni stærra en hið malavíska sé miðað við höfðatölu.

Þrátt fyrir þennan geypilega mun telur Jón Ásgeir að ekki megi afskrifa Afríku. Hann segir Vesturlandabúa almennt telja að um stærra vandamál sé að ræða en raunin er, og segist sannfærður um að Afríka komist á endanum á lappirnar, þótt vitaskuld þurfi ýmislegt að breytast til að svo verði. „Það nægir að líta til Suður-Afríku og hvernig íbúar landsins hafa

efnast til að sjá að vandinn er ekki óyffirstíganlegur. Stjórn málaástandið þarf þó auðvitað að lagast og ég held að það geti gerst. Kagame, forseti Rúanda, virtist til að mynda mjög meðvitaður um hin ýmsu vandamál og hafði margar hugmyndir um hvernig bæta mætti úr.“

Spurður hvort vænlegt umhverfi sé fyrir viðskipti á svæðinu segir Jón Ásgeir að vissulega séu innviðir þessara ríkja frekar veikir. Hins vegar horfi nokkuð til batnaðar og Kínverjar hafi til að mynda í auknum mæli fjárfest í álfunni. „Kínverjarnir hafa verið að koma inn af miklum krafti. Þeir hafa séð tækifæri í ódýru vinnuafli og fleiru. Ég er alveg sannfærður um að með markvissu átaki, bæði í búanna og annarra, megi koma þessum löndum á kjölinn. Við vonum að boltinn rúlli af stað.“

Jón Ásgeir bendir á að Baugur hafi skuldbundið sig til að leggja eina milljón punda á hverju ári til verkefna í Malaví og Rúanda. Aldrei hefði verið lagt í slíkar skuldbindingar, ef engin von væri á sýnilegum árangri.

Framlagið er gefið í nafni félagsins Baugs, en ekki í nafni einstaklings. Því er eðlilegt að spyrja hvort einhver von sé um fjárhagslegan ávinning af þeirri skuldbindingu sem ráðist hefur verið í. Jón Ásgeir segir þann ávinning sem af kunni að hljóta verða óbeinan; Baugsmenn fái tækifæri til að fylgjast með verkefnunum, og um leið ástandinu í þessum heimshluta. „Okkur finnst spennandi að geta tekið þátt í því að draga úr loftslagsmengun. Ef við getum hjálpað fólki að koma undir sig fótunum í leiðinni, kennt þeim til verka og gert þeim kleift að framleiða varning sem stenst þær kröfur sem Vesturlandabúar gera, þá er það frábært. Við bindum þannig miklar vonir við það að allir hlutaðeigandi geti hagnast á þessari skuldbindingu okkar.“

friendtex®

ÚTSALA



Friendtex 2007

Nú á allt að seljast.
Komið og gerið frábær kaup.

Einnig mikið úrval af eldri fatnaði
á kr 990.- og nú tveir fyrir einn af
eldri vöru.

Dæmi um verð

Allar gallabuxur kr 2900

Allar peysur kr 2000

Allir skór kr 1990

Allir kjólar kr 1500

Friendex - Faxafeni 10

www.friendtex.is Sími 568 2870

Opnunartími mánudaga - föstudaga 10.00 - 18.00 Lokað laugardaga

50%

60%

70%

80%

A
F
S
L
Á
T
T
U
R

BANKAÓLFID



Kaupþing eða Káþþing?

Íslenskt viðskiptalíf verður alþjóðlegra með hverjum deginum. Þessi alþjóðlegu áhrif eiga sér ýmsar birtingarmyndir; til að mynda stórkostleg umsvif íslensku útrásarfyrirtækjanna á erlendri grundu og auknar fjárfestingar erlendra aðila hér á landi. Áhrifanna verður þó ekki síður vart í tungutaki áhrifamanna í viðskiptalífinu. Þannig hafa góð og gild íslensk orð á borð við vanmat og skuldsetning, vikið fyrir hinum engilsaxnesku undervalued og leveraged. Höfuðvíkingurinn sjálfur, Hreiðar Már Sigurðsson í Kaupþingi, lætur ekki sitt eftir liggja og kallaði fyrirtækið Káþþing upp á enska vísu á uppgjörsfundum sem fram fór á dögunum.

Herramansmáltíð

Egill Helgason, þáttastjórnandi, ríkisstarfsmaður og Eyjubloggari með meiru, bendir lesendum síðu sinnar á hluti sem einungis er á færi auðkýfinga að eignast; eða ógeðslega ríkra manna sem alls ekki vilja eyða peningum í góðgerðarstarf, líkt og Egill kemst að orði. Mælir bloggarinn sérstaklega með dýrustu pitsu í veröldinni sem verðlögð er á rúmar sextíu þúsund krónur. Flatbakan er með fjórum mismunandi tegundum af kavía, humri, eðlaxi og örliðu japönsku wasabi. Fyrir áhugasama þá er pitsan fáanleg á veitingahúsinu Nino's Bellissima Pizza, í New Yorkborg. Ekki fylgir sögunni hvort Egill hafi sjálfur bragðað á bókunni.

Öll spjót á Norðmönnum

Norski olíusjóðurinn sætir um þessar mundir töluverðri gagnrýni heima fyrir vegna fjárfestinga í námafyrirtækinu Barrick Gold. Norðmenn hafa nefnilega lagt nokkuð upp úr „síðlegum“ fjárfestingum, það er að eiga ekki viðskipti við fyrirtæki sem stunda umhverfissóðaskap eða eru á annan hátt brotleg.

Norska ríkissjónvarpið gerði því nokkuð úr því þegar í ljós kom að Olíusjóðurinn hafði lagt sem svarar tæpum 9,4 milljörðum íslenskra króna, eða 860 milljónum norskra, í Barrick Gold, en félagið er sagt bera ábyrgð á meiriháttar umhverfisspjöllum á Filippseyjum. Við bætist svo vandræðagangur Norsk Hydro vegna „óhóflegra“ kaupréttarsamninga við stjórnendur. Spurning hvort tekið sé að falla á geislabauginn.

11 milljarðar króna sem Atorka hagnast um með sölnunni á Jarðborunum.

4X betri afkoma FL Group á fyrri hluta ársins en á sama tíma í fyrra. Hagnaðurinn nam 23 milljörðum króna.

12,5 milljarða króna hagnaður Landsbankans á öðrum ársfjórðungi.

SUZUKI SX4

Með veghæð eins og Grand Vitara, akstureiginleika eins og Swift...

...og drifkerfi með 3 (!) valmöguleikum:

Framhjóladrif - Sjálfvirk, sítengt fjórhjóladrif - Læst fjórhjóladrif
Komdu í reynsluakstur
upplifunin verður ánægjuleg.

THE SPORT X-OVER
Á verði sem á engan sinn líka: frá 2.140 þús.



SX4 1.6 GLX handskiptur
og SX4 2.0 GLX sjálfskiptur.
Kíktu á suzukibilar.is

SUZUKI
...er lífsstíll!

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 5100.

Hringdu í síma

512 5060

ef blaðið berst ekki

